

46. Stjórnarfundur Nýheima 25. 3. 2015 kl. 8:30

Fundarstjórn: Nína Síbyl

Ritari: Davíð Arnar

Forfölluð: Árdís Erna og Hrafnkell Guðnason

1. Ályktun stjórnar NP vegna 8. gr. í Sóknaráætlun fyrir Suðurland 2015 – 2019

Lögð voru fram drög að bréfi til SASS, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Stjórnin gerir athugasemdir við 8. grein samnings um Sóknaráætlun fyrir Suðurland 2015 – 2019 þar sem segir að stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga skuli að jafnaði ekki vera leiðandi aðili í verkefnum styrktum af uppbyggingarsjóði landshlutans.

2. Matvæladagur í Nýheimum

Fanney og Nína lögðu fram hugmynd að Matvæladegi í Nýheimum til að ná betri tengslum við matvælaframleiðendur. Mikilvægt væri að koma á samtali við matvælaframleiðendur og kynnast hug þeirra hugmyndum um framleiðsluna til framtíðar. Fjórlegar umræður spunnust um efnið helst þá að koma yrði á fót heimamarksverslun til að gera.

3. HFN verkefni Nýheima þátttakandi í NPA verkefni – Davíð og Kristín

Kristín sagði frá því að hugmynd þekkingarsetursins um HFN - Náttúruskóla (sjá fundargerð frá 11. Mars 2015) hafi verið vel tekið í hópi umsækjenda um NPA styrk sem úthlutað verður í júní á þessu ári. Stjórnin samþykkti að taka þátt í umsókninni.

4. Rekstraráætlun Nýheima 2015

Verkefnastjóri kynnti rekstraráætlun þekkingarsetursins fyrir árið 2015. Stjórnin samþykkti áætlunina.

Önnur mál

Davíð Arnar Stefánsson
Nína Síbyl B.